

Fundarsköp þessi staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 30 11. maí 1955 til 25 þess að öðlast gildi þegar í stað.

7. marz

*Félagsmálaráðuneytið, 7. marz 1956.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrimur Dalberg.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Einars og Þórunnar 26 í Brandshúsum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. marz 7. marz 1956.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Einars og Þórunnar í Brandshúsum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Einars og Þórunnar í Brandshúsum.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vekja og efla mannúð og góðvilja hjá almenningi gagnvart mönnum og skepnum með því að stjórn sjóðsins veitir verðlaun þeim er fram úr skara við líknar- og mannúðarstörf, jafnframt viðurkenningarskjal fyrir framúrskarandi ástundun við að bæta úr býli og vanlíðan með kærleiksverkum og hjálpfýsi.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 10 000 — tíu þúsund — krónur, sem ásamt öllum gjöfum og þeim vöxtum, sem tilskilið er í þessari skipulagsskrá, kallast höfuðstóll hans og má hann aldrei skerða.

4. gr.

Sjóðurinn skal varðveittur og ávaxtaður í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Einn kosinn af Slysavarnafélagi Íslands á aðalfundi þess ár hvert; annar kosinn af Dýraverndunarfélagi Íslands einnig ár hvert á aðalfundi þess. Endurkosningar mega eiga sér stað. Þriðji maður í stjórninni er hreppstjórinn í Gaulverjabæjarhreppi í Árnessýslu eða sá, er hann setur í sinn stað. Stjórnin kys formann úr sínum hóp og skiptir með sér störfum.

6. gr.

Allir vextir skulu leggjast við höfuðstól þar til sjóðurinn er orðinn 20 000 — tuttugu þúsund — krónur. Frá þeim tíma skal lagður við höfuðstóllinn  $\frac{1}{5}$  — einn fimmti — hluti ársvaxtanna, en til útborgunar falli  $\frac{4}{5}$  — fjórir fimmtu — hlutarnir til stjórnar sjóðsins, svo hún geti varið fé þessu samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 2. gr. hér að framan.

7. gr.

Sjóður þessi skal vara og skipulagsskrá hans í öllu heiðruð svo lengi sem Ísland byggist.

**Halldór Einarsson.**